

Fólk notar sérklefa af allskonar ástæðum, sem sjást ekki endilega utan á því. Það getur verið erfitt fyrir sum að spyrja um klefana og jafnvel valdið þeim kvíða. Því er sérstaklega mikilvægt að starfsfólk mæti þeim með jákvæðu viðmóti.

Aldrei spyrja fólk hvers vegna það þarf sérklefa

Aðstaða getur verið mismunandi eftir sundlaugum, og mikilvægt að vera skýr varðandi hvaða aðstaða er í boði þegar fólk spyr. Fólk getur verið óöruggt að koma í nýja laug eða aðstæður sem þau þekkja ekki. Sýnum því skilning og verum skilningsrík, jákvæð og hjálpsöm.

Hver notar sérklefana?

Sérklefarnir eru hugsaðir fyrir fólk sem vill eða getur ekki nýtt sér kyngreinda klefa. Þar á meðal er fatlað fólk, fólk með stóma, trans fólk, intersex fólk, eldra fólk og fjölskyldur.

Sum sem tilheyra þessum hópum eru í viðkvæmri stöðu, og eru því líklegri til að verða fyrir áreitni og fordómum. Það er mikilvægt að koma til móts við þau með vinsemd og skýrum upplýsingum um sérklefana og þá aðstöðu sem er í boði. Við viljum gera okkar besta í að tryggja þessum hópum öruggt rými.

Sérklefar eru oft eina leiðin fyrir þau til að komast í sund eða líkamsrækt.

Sérklefar í sundlaugum Reykjavíkur



Verklag fyrir starfsfólk og upplýsingar um notendur sérklefa

Góð þjónusta, glaðir gestir

Við gerum okkar besta til að mæta þörfum ólíkra hópa og viljum tryggja að upplifun þeirra sé jákvæð. Við getum verið **stolt** af því að bjóða upp á sérklefa og þannig tryggja að fjölbreyttur hópur fólks geti nýtt sér sundlaugar Reykjavíkur. Starfsfólk á ekki að bjóða gestum sérklefa af fyrrabragði. Slíkt verklag er til að forðast að draga fólk í dilka eða gera ráð fyrir kyni, fötlun eða öðrum þáttum. Ef fólk þarf aðgengi að þeim, þá láta þau starfsfólk vita.

Aldrei spyrja fólk af fyrra bragði hvort þau þurfa sérklefa

Helstu notendur sérklefa

Fatlað fólk

Sérklefar eru sérstaklega hannaðir með hreyfihamlað fólk í huga, en fötlun getur verið mismunandi og er ekki víst að hún sjáist utan á fólki. Fatlað fólk hefur stundum með sér aðstoðarfólk og nýtast því sérklefar þeim líka. Fötluað börn gætu einnig notað sérklefana og stundum með forsjáraðila sem gæti verið af öðru kyni en þau sjálf.

Fjölskyldur og eldra fólk

Það geta verið margvíslegar ástæður fyrir því að fjölskyldur eða eldra fólk nýti sérklefa, t.d. vegna fötlunar, kvíða, hegðunarvanda, vegna kyns o.s.frv. Sérklefar geta líka nýst fullorðnu fólki sem þarf á hjálp barna sinna eða aðstoðarmanneskju sem eru af öðru kyni að halda.

Trans fólk

Margt trans fólk nýtir sér sérklefana, sérstaklega kvár (sem upplifa sig sem hvorki karl né konu). Mikilvægt er að muna að trans fólki er samt ekki skylt að nota sérklefa, og er það þeirra val hvaða klefa þau nota. Trans fólk má nota klefa í samræmi við kynvitund skv. lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 og þurfa því ekki að hafa undirgengist skurðaðgerð til að mega nota tiltekna klefa.

Intersex fólk

Intersex fólk eru einstaklingar sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, og falla ekki að hefðbundinni flokkun í karlkyn eða kvenkyn. Þetta getur verið t.d. út frá kynfærum, hormónum, litningum, æxlunarfærum og fleira. Kynvitund og kyntjáning þeirra er alls konar, eins og hjá öðrum. Flest intersex fólk notar kyngreindu klefana, en sum gætu viljað nota sérklefa.